

BBF-2018-15 – Gusa ehf. - Búðin Borgarfirði - rekstrarráðgjöf og þjálfun

Ætlunin er að styrkja stöðir matvöruverslunar á Borgarfirði með því að auka þekkingu og hæfni stjórnenda og starfsmanna varðandi fyrirtækjarekstur, smásölu, þjónustugæði, meðhöndlun matvara, bókhald og reikningsgerð, birgðastjórnun og fleira. Í því skyni verður sett saman fræðsluáætlun með þátttöku ýmissa sérfræðinga. Einnig verður leitað eftir rekstrarráðgjöf með áherslu á smásölu. Eftir atvikum verður íbúum og rekstraraðilum boðið að sitja fræðslufundi þeim að kostnaðarlausu. Markmið verkefnisins er að tryggja til frambúðar aðgengi íbúa og ferðamanna að matvöruverslun með góðu vöruúrvali. Vel rekin búð þarfnast þekkingar á rekstri. Búð á Borgarfirði var efst í forgangs röðun á íbúáþingi í febrúar 2018 og er forsenda stöðugrar byggðar á staðnum.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.